

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1594/1999**

frá 20. júlí 1999

**um breytingu á skilyrðum varðandi leyfisveitingu fyrir aukefni í fóðri**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1411/1999 <sup>(2)</sup>, einkum 3. gr. og 9. gr. j,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt þriðja undirlið annars undirliðar í 4. undirlið 1. undirliðar í E-lið VII. liðar í XV. viðauka við lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar er Svíþjóð heimilt að viðhalda, til 31. desember 1997, löggjöf sinni sem takmarkar notkun maurusýru (E 236) sem aukefnis í fóðri.
- 2) Í samræmi við ákvæði XV. viðauka við fyrrnefnd lög átti ítarlegur vísindalegur rökstuðningur að fylgja beiðni Svíþjóðar um aðlögun á löggjöf bandalagsins með tilliti til fyrrnefnds aukefnis.
- 3) Svíþjóð sendi rökstuðning sinn 27. júní og 9. desember 1997.
- 4) Framkvæmdastjórninni ber að taka afstöðu til beiðni Svíþjóðar um aðlögun með tilliti til maurusýru.
- 5) Svo virðist að setja beri frekari skilyrði fyrir heimild fyrir þessu rotvarnarefni.

- 6) Upplýsa ber notendur maurusýru um að óheimilt er að nota hana, eina sér eða í blöndu með öðrum sýrum, þar sem hún er meira en helmingur blöndunnar, sem loftháða sýrurotvörn fyrir rakt, óunnið korn, sakir þess að við sérstök skilyrði getur innihald aflatoxíns orðið mikið.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað skilyrðanna fyrir því að heimila aukefnið E 236 (maurusýru), sem er flokkað sem rotvarnarefni, komi skilyrðin sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/524/EBE.

*2. gr.*

Þrátt fyrir 1. gr. má maurusýra, sem er sett í dreifingu fyrir 1. september 1999 en stenst ekki ákvæði þessarar reglugerðar með tilliti til merkinga, vera áfram í dreifingu til 31. desember 1999.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 1999.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*<sup>(1)</sup> Stjtúð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtúð. EB L 164, 30.6.1999, bls. 56.

VIÐAUKI

EB-númer	Aukefni	Efnaformúla og lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					mg/kg heilfóðurs			
„E 236	Maurasýra	CH <sub>2</sub> O <sub>2</sub>	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	Eftirfarandi komi fram í notkunarleiðbeiningum:  „Óheimilt er að nota maurasýru, eina sér eða í blöndu með öðrum sýrum, þar sem hún er yfir 50% miðað við þyngd blöndunnar, sem loftháða sýrurötvörn fyrir óunnið korn með rakainnihald sem er yfir 15%“	Ótakmarkaður“